



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 19. apríl 2016 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir, og Magnús B. Jónsson. Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi Enor mætti á fundinn undir dagskrárlið 2.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

#### 1. Fjárfestingar 2016

a) Fellsborg.

Fyrir fundinum lágu gögn um pappalögn á þak Fellsborgar. Annars vegar var um að ræða lagningu á tjörudúk á þak yfir aðalsal og svið ásamt skyggni yfir inngangi. Hins vegar lá fyrir kostnaðarmat á að gera við timburbyggt þak yfir norðurhluta og ganga frá því með tjörudúk. Samþykkt að fara í báða verkhlutana og afla kostnaðarmats og samninga um framkvæmdina. Fyrir fundinum lá einnig kostnaðarmat á múrviðgerðum og málun utanhúss á Fellsborg. Sveitarstjórn samþykkti að fresta málun utanhúss til næsta árs.

b) Gatnagerð - gangstéttalögn

Fyrir fundinum lá samantekt og útreikningur á gangstéttalögn með götum 2016. Sveitarstjórn ræddi fyrirhugaða gangstéttalögn og samþykkti þær áherslur að leggja stéttar um Bankastræti og hluta Bogabrautar auk endurgerðar á eldri gangsettum sem eru orðnar ónýtar.

#### 2. Ársreikningur 2015 (fyrri umræða)

Fyrir fundinum lá ársreikningur 2015 til fyrri umræðu. Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi kynnti endurskoðun á ársreikningi bæði A-hluta og samstæðu sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Hann kynnti einnig samanburð við fjárhagsáætlun ársins.

Hann lagði jafnframt fram og kynnti endurskoðunarskýrslu vegna ársins 2015.

Ársreikningi var vísað til annarrar umræðu.

#### 3. Ísland ljóstengt

Fyrir fundinum lá niðurstaða úr opnun tilboða frá sveitarfélögum í styrk frá fjarskiptasjóði vegna ljósleiðarauppbyggingar 2016. Í samantekt um tilboðin kemur fram að fjárframlag til norðvestursvæðis er áætlað 188 milljónir króna. Við opnun tilboðanna var þeim raðað upp eftir því hvað meðalstyrkur væri á hverja tengingu við ljósleiðara. Í tilboði sveitarfélagsins er gert ráð fyrir 5 tengingum á samtals 3,3 milljónir króna og hver tenging því 660 þús. kr. Tilboðið lenti í 14 sæti en 188 milljón króna styrkuppþæð nægir einungis fyrir þau sveitarfélög sem lentu í 10 fyrstu sætunum. Samþykkt að endurnýja umsókn á næsta ári.

#### 4. Styrktarsjóður EBÍ

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra þar sem gerð er tillaga að því að sækja um styrk til að setja upp upplýsingaskilti um verslunarstaðina á Skagaströnd og Hólanesi ásamt skiltum um



bæina Höfðahóla og Spákonufell. Áætlaður heildarkostnaður við gagnaöflun og uppsetningu vandaðra skilta er 1,7 milljónir króna.

Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að sækja um styrk til EBÍ á forsendum þeirra hugmynda sem fram koma í minnisblaðinu.

#### 5. Bréf:

- a. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. mars 2016

Í bréfinu er fjallað um vinnu og stefnumótun Sambandsins um heilbrigðiseftirlit þar sem því er beint til sveitarstjórna að undirbúa umræðu um hvort heilbrigðiseftirlit verði sinnt af sveitarfélögum eða beint inn í miðlæga ríkisstofnun.

Bréfið var til kynningar.

- b. Sveitarstjóra Blönduósbæjar, dags. 29. mars 2016

Með bréfinu er kynnt bókun byggðaráðs Blönduósbæjar þar sem skorað er á nágrannasveitarfélög að koma með formlegum hætti að samstarfi um rekstur upplýsingamiðstöðvar.

Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að fresta afgreiðslu þess og afla frekari upplýsinga.

- c. Bæjarstjóra Lohja, dags. 29. mars 2016

Með bréfinu er boðað til vinabæjamóts í Lohja í Finnlandi dagana 26.05 – 29.05.2016

Sveitarstjórn ræddi fyrirhugað vinabæjamót og samþykkti að 4 fulltrúar sæki mótið.

Sveitarstjóra falið að ljúka skráningu og skipuleggja ferðamáta.

- d. Bryndísar Valbjarnardóttur, sóknarprest, dags. 15. mars 2016

Með bréfinu eru færðar þakkir frá Æskulýðsfélagi Hólaneskirkju fyrir framlög til félagsins árin 2014 og 2015.

- e. Þóreyjar Fjólu Aradóttur, dags. 4. apríl 2016

Í bréfinu koma fram áhyggjur af aðstöðuleysi í þreksal íþróttahúss og bent á ýmislegt sem mætti betur fara.

- f. Gígju H. Óskarsdóttur, húsverði íþróttahúss, dags. 29. mars 2016

Með bréfinu er gerð grein fyrir þeim skorti sem er á að tæki og búnaður sé fullnægjandi í þreksal íþróttahúss og farið fram á aukna heimild í fjárhagsáætlun um 1 milljón króna til tækjakaupa í þreksal.

Sveitarstjórn samþykkti að hækka fjárheimild um 1 milljón króna.

- g. Rúnari og Stefáni Jósefssonum, dags. 10. mars 2016

Með bréfinu fara Rúnar og Stefán fram á heimild sveitarstjórnar til koma upp æðarvarpi á ræktunarlendi 270 með vísan til 3. gr. leigusamnings að samþykki sveitarstjórnar þurfi til að nota leigulandið til annars en slægna og beitar. Jafnframt er óskað heimildar til að girða landið af með síldarnót yfir varptímam til að verja svæðið fyrir tófu. Sveitarstjórn samþykkti breytta notkun og þann frágang sem fram kemur í erindinu en með því skilyrði að opin gönguleið verði um fjöruna utan varptímans.



**c) Fundargerðir:**

- a) Tómsstunda og menningarmálanefndar, 31.03.2016  
Fundargerðin var til kynningar.
- b) Vinnufundur hafnar- og skipulagsnefndar, 30.11.2015  
Fundargerðin var til kynningar.
- c) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 17.03.2016  
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Stjórnar Norðurár bs., 8.05.2015  
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Stjórnar Norðurár bs., 11.09.2015  
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar Norðurár bs., 2.10.2015  
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Stjórnar Norðurár bs., 9.10.2015  
Fundargerðin var til kynningar.
- h) Stjórnar SSNV, 2.03.2016  
Fundargerðin var til kynningar.
- i) Stjórnar Hafnarsambands Íslands, 24.02.2016  
Fundargerðin var til kynningar.
- j) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 18.03.2016  
Fundargerðin var til kynningar.

**d) Önnur mál**

Fyrir fundinn var lagt bréf stjórnar foreldrafélags Höfðaskóla dags. 18.04.2016.  
Bréfið var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.40

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson